

Stefna Snæfellsness í sjálfbærri þróun

Sameiginleg stefna sveitarfélaga á Snæfellsnesi um sjálfbæra þróun í umhverfis-, menningar-, samfélags- og efnahagslegu tilliti.

Snæfellsnes einkennist af náttúrufergurð og fjölbreytni, með Snæfellsjökul sem helsta kennileiti. Á Snæfellsnesi búa um 4.000 manns. Byggðin er dreifð og helstu atvinnuvegir eru útgerð, fiskvinnsla, menntun, ferðaþjónusta, landbúnaður, verslun og þjónusta.

Sveitafélögin á Snæfellsnesi hafa sýnt frumkvæði í þágu sjálfbærrar þróunar á Íslandi undanfarinn áratug. Í samræmi við þetta hafa sveitarfélögin Stykkishólmsbær, Helgafellssveit, Grundarfjarðarbær, Snæfellsbær og Eyja- og Miklaholtshreppur, svo og Þjóðgarðurinn Snæfellsjökull, sett sér þessa sameiginlegu stefnu um sjálfbæra þróun með það að markmiði að samfélögin verði umhverfisvænni frá ári til árs.

Sveitarfélögin á Snæfellsnesi leitast við að fylgja ákvæðum alþjóðlegra samþykktu og innlendra áætlana, auk þess sem tekið er mið af öllum öðrum lögum, reglugerðum, samningum og öðrum samþykktum sem varða þá þætti sem stefnan nær til, svo og af siðareglum Alþjóðaferðamálastofnunarinnar (UNWTO).

Sveitarfélögin á Snæfellsnesi leitast við að hafa græn gildi að leiðarljósi í allri sinni starfsemi og miða ákvarðanatöku við að reyna að lágmarka neikvæð umhverfisáhrif af henni. Þau beita fyrirbyggjandi aðgerðum til að koma í veg fyrir rýrnun náttúrulegra og félagslegra auðlinda, og hvetja fyrirtæki, stofnanir, félög og einstaklinga til að fylgja því fordæmi og bæta frammistöðu sína í átt að sjálfbærri þróun.

Sveitarfélögin hafa einsett sér að:

1. Vinna að stöðugum úrbótum á eigin frammistöðu í umhverfislegu, efnahagslegu og menningar- og félagslegu tilliti, með hliðsjón af viðmiðunarskýrslum EarthCheck fyrir svæðið.
2. Láta vinnuafli, vörur og þjónustu af svæðinu njóta forgangs.

Sveitarfélögin á Snæfellsnesi halda uppi samskiptum við alla hagsmunaaðila til að tryggja samræmdar aðferðir við að ná framúrskarandi árangri í umhverfis- og félagsmálum sem og þeim menningar- og efnahagslegu. Skilvirk miðlun upplýsinga í formi ársskýrslu er liður í þessum samskiptum, svo og opið samráð við alla hagsmunaaðila um starf sveitarfélaganna að sjálfbærri þróun.

Sveitarfélögin á Snæfellsnesi vinna sameiginlega og hvert í sínu lagi að uppbyggingu og eftirfylgni langtímaáætlunar um sjálfbæra þróun, í samræmi við samþykktir Heimsráðstefnu Sameinuðu þjóðanna um umhverfi og þróun í Rio De Janeiro árið 1992 og loftslagsráðstefnunnar í París 2015.

Þessi stefna hefur verið formlega samþykkt af öllum hlutaðeigandi sveitarstjórnnum og kynnt íbúum.

Samþykkt og undirritað f.h. sveitarfélaganna á Snæfellsnesi, 2. október 2018.

Eyja- og Miklaholtshreppur

Oddviti
Eyja- og Miklaholtshrepps

Helgafellssveit

Oddviti
Helgafellssveitar
Guðrún Þeyrnadóttir

Grundarfjarðarbær

Björgvinsdóttir
Björgvinsdóttir
Björgvinsdóttir
Björgvinsdóttir

Stykkishólmsbær

Talab Þjórtín
Talab Þjórtín
Talab Þjórtín
Talab Þjórtín

Snæfellsbær

Snæfellsbær
Snæfellsbær
Snæfellsbær
Snæfellsbær